PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288


Fasteignasala í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur
S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

17. tbl. 36. árg. 8.- 14. maí 2024

# Ólafsfjarðarkirkja uppstigningardag

## DAGUR *ELDRI BORGARA*

## Messa á fimmtudaginn 9. maí kl. 14.00

> Gísli Gunnarsson vígslubiskup á Hólum predikar og þeir

> Sigurður Ægisson prestur þjóna fyrir altari

> VORBOÐAKÓRINN SYNGUR



**KAFFI OG KÖKUR**
**AÐ MESSU LOKINNI**

**HVÍTASUNNU-TUNNAN 15. MAÍ!**
**Auglýsingar: albert@tunnan.is eða 467-1288**

AFLIÐ

**Aflið veitir fría ráðgjöf til þolenda ofbeldis og aðstandenda þeirra.**
**Nú er hægt að koma í ráðgjöf á Siglufirði.**
noona.is/aflidak - aflidak@aflidak.is - sími: 461-5959

Akureyri - Blönduós - Egilsstaðir - Húsavík - Reyðarfjörður - Siglufjörður

## MIÐVIKUDAGUR 8. MAÍ
19.00 Fréttir og veður
19.20 HM karla í handbolta: Umspil Bein útsending frá fyrri leik Íslands og Eistlands í umspili um sæti á HM karla í handbolta 2025.
21.00 Stofan
21.20 Nærmyndir – Að seiglast við
22.00 Tíufréttir 22.15 Veður
22.20 Konur í kvikmyndagerð – Heimili - trúarbrögð - vinna (8:14)
23.25 Sonja, hvíti svanurinn
01.15 Dagskrárlok

## FIMMTUDAGUR 9. MAÍ
08.00 KrakkaRÚV
11.25 Raddir æskunnar
12.00 Velkominn Árni
13.05 Fréttir með táknmálstúlkun
13.30 Heimaleikfimi
13.40 Poppstjörnur á skjánum Tina
14.05 Ömurleg mamma (2:4)
14.35 Landinn
15.05 Magnús og Jóhann í 50 ár
16.20 Tobias og sætabrauðið – Po
16.50 Á gamans aldri (6:6)
17.15 KrakkaRÚV- Lag dagsins
18.20 Fréttir Íþróttir 18.45 Veður
**19.00 Eurovision 2024 (2:3) Bein útsending frá Eurovision í Malmö.**
21.10 Nýir grannar (6:6)
22.00 Neyðarvaktin (6:22)
22.40 Suður (7:9)23.30 Samþykki
00.15 Dagskrárlok

## FÖSTUDAGUR 10. MAÍ
13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Í garðinum með Gurrý (2:6)
14.00 Gettu betur 2017 (5:7)
15.10 Spaugstofan 2003-2004
15.35 Poppkorn 1988
16.05 Líkamsvirðingarbyltingin (3:3
16.35 Manstu gamla daga? (10:16)
17.20 Músíkmolar
17.30 Ella kannar Suður-Ítalíu – Sikiley - seinni hluti (6:7)
18.00 KrakkaRÚV- Lag dagsins
19.00 Fréttir Íþróttir 19.30 Veður
19.40 Póstkort frá Malmö (2:2)
20.10 Er þetta frétt? (12:13)
**21.05 ABBA: Against the Odds Ný heimildarmynd sem gerð var í tilefni af að 50 ár eru liðin frá því að ABBA sigraði Eurovision.**
22.40 Endeavour (2:3)
00.10 Loddari - Konur í kvikmynda
02.05 Dagskrárlok

## LAUGARADUR 11. MAÍ
07.00 KrakkaRÚV
10.00 Ævar vísindamaður (5:8)
10.30 Er þetta frétt? (12:13)
11.30 Þegar storkurinn flýgur hjá (3
12.30 Tölvuhakk - frítt spil?
13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Landinn 13.55 Opnun
14.35 Stofan
14.50 HM karla í handbolta: Umspil Bein útsending frá síðari leik Eistlands og Íslands í umspili um sæti á HM karla í handbolta 2025.
16.30 Stofan
16.50 Leiðin á EM 2024 (8:12)
17.15 Sumarlandabrot 2020
17.20 KrakkaRÚV
18.05 Bækur og staðir 2019-2020
18.20 Fréttir Íþróttir 18.45 Veður
**19.00 Eurovision 2024 (3:3) Bein útsending frá Eurovision í Malmö.**
23.10 Mr. & Mrs. Smith
01.05 Dagskrárlok

## SUNNUDAGUR 12. MAÍ
07.15 KrakkaRÚV
10.00 Með okkar augum (4:6)
10.30 Attenborough og mammútagr
11.35 Silfrið 12.30 Tónstofan (11:
13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Kvöldstund með listamanni
14.25 Aldrei of seint
15.05 Leiðin að ástinni (1:8)
15.35 Sítengd - veröld samfélagsm
16.05 Könnuðir líkamans (1:5)
16.35 Ungmennafélagið
17.05 Brautryðjendur (8:8)
17.30 Basl er búskapur (10:10)
18.00 KrakkaRÚV- Landakort
19.00 Fréttir Íþróttir 19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Syngjandi vor - Landsmót íslenskra kvennakóra
21.20 Babýlon Berlín (11:12)
22.10 Persepolis - Konur í kvikmy
23.45 Shakespeare og Hathaway
00.30 Dagskrárlok

## MÁNUDAGUR 13. MAÍ
13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Gettu betur 2017 (6:7)
14.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1994-1995 (8:12)
15.45 Katla kemur- Djöflaeyjan
17.20 Gönguleiðir (13:22)
17.40 Rokkarnir geta ekki þagnað
18.00 KrakkaRÚV
18.45 Krakkafréttir með táknmálstúl
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir Íþróttir 19.30 Veður
19.40 Kastljós
20.00 X24 - Forystusætið
**20.25 Máttu borða þetta? - Sykursýki á Íslandi Heimildarmynd eftir Pál Kristinn Pálsson um sykursýki á Íslandi árið 2024.**
21.10 Hormónar (4:8)
22.00 Tíufréttir 22.10 Veður
22.15 X24 – Frambjóðendakynning Kynning frambjóðenda til embættis forseta Íslands.
22.20 Silfrið
23.15 Leiðin á EM 2024 (8:12)
23.40 Útrás I (8:8)
00.15 Dagskrárlok

## ÞRIÐJUDAGUR 14. MAÍ
13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Gettu betur 2017 (7:7)
15.30 Silfrið
16.25 Spaugstofan 2003-2004 (5:2
16.50 Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson
17.25 Tískuvitund – Bettina Bakdal
17.55 KrakkaRÚV
18.45 Krakkafréttir með táknmálstú
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir Íþróttir 19.30 Veður
19.40 Kastljós
20.00 X24 – Forystusætið
**20.30 Með paradís að baki (1:6) (Beyond Paradise) Breskir sakamálaþættir frá 2023.**
22.00 Tíufréttir 22.15 Veður
22.20 X24 – Frambjóðendakynning
22.25 Einu sinni var á Norður-Írlandi (5:5)
23.25 Max Anger - Alltaf á verði (6:
00.10 Dagskrárlok

RÚV

# Félag eldri borgara Siglufirði

**Fundur verður haldinn sun. 12. maí nk. í Skálarhlíð kl. 15.00**

**Fundarefni: Hanna Sigga kemur og segir okkur frá „velferðartæknimessu" sem haldin verður í Tjarnarborg 5. júní nk.**

**Vorboðakórinn mætir og syngur nokkur létt lög.**

**Kaffiveitingar - Mætum hress og kát.**

***Stjórn Félags eldri borgara Siglufirði.***

Katrín heimsækir Norðurland

# Ísland á kraftmikla forystukonu

Föstudag og laugardag 10. og 11. maí

| | | | |
|---|---|---|---|
| 10.05 | Ólafsfjörður Höllin | Fundur og súpa | 12:00 |
| 10.05 | Siglufjörður Hótel Siglunes | Fundur og marokkóskar veitingar | 17:00 |
| 11.05 | Dalvík Menningarhúsið Berg | Fundur og kaffi | 10:00 |
| 11.05 | Akureyri Múlaberg, Hótel KEA | Fundur og súpa | 12:00 |

Einstakt tækifæri til að ræða forsetaembættið og framtíð þjóðarinnar.



HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

# VINNA - RÆSTINGAR

## HSN Fjallabyggð auglýsir eftir

starfmanni í ræstingar, 70% starf.

**Upplýsingar gefur Sigurður í síma 854-4177 eða**
**sigurdur.johannesson@hsn.is**

Fjallabyggð

# Staðarval nýs kirkjugarðs í Ólafsfirði

Kosning um staðarval nýs kirkjugarðs í Ólafsfirði fer nú fram á netinu með rafrænum skilríkjum undir slóðinni **kirkjugardur.betraisland.is**. Valið stendur á milli afmarkaðs svæðis við Brimnes og við Garðsveg. Aðeins íbúar 18 ára og eldri með lögheimili í Ólafsfirði geta tekið þátt í staðarvalinu og bent er á að niðurstaðan er ekki bindandi heldur aðeins ráðgefandi fyrir ákvarðanatöku bæjarstjórnar.

Við framkvæmd íbúakosningarinnar er notast við samráðsvefinn betraisland.is. Vettvangurinn hefur áður verið notaður af sveitarfélaginu til þess að leita álits íbúa með góðum árangri. Á svæðinu geta allir kynnt sér upplýsingar og leiðbeiningar um kosninguna, staðarvalsgreininguna og þá tvo kosti sem hægt er að kjósa um. Kosningu lýkur þann 10. maí nk. kl.23:59.

Tæknileg aðstoð og aðrar leiðbeiningar verða veittar í Bylgjubyggð 2b á eftirfarandi tímum:

**Miðvikudagur 8. maí, kl. 13:00-15:00**
**Föstudagur 10. maí, kl. 9:00-14:00.**

**kirkjugardur.betraisland.is**





Fjallabyggð

# Breyting á Aðalskipulagi

## Fjallabyggðar 2020-2032
## Námuvegur 8 – breytt landnotkun

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 30. apríl 2024 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að lóðin Námuvegur 8 fer úr því að vera á skilgreindu athafnasvæði 302 AT og fellur í stað undir landnotkunaflokkinn verslun og þjónustu, 329 VÞ. Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 25.3.2024.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til tæknideildar Fjallabyggðar.

**Íris Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi**

primex

# Viltu vinna á rannsóknastofu Primex á Siglufirði?

**Við leitum eftir einskaklingi með:**

- **Nákvæmni, áreiðanleika og jákvætt viðhorf.**
- **Góða hæfni í mannlegum samskiptum.**

**Starfshlutfall er 50%**

**Upplýsingar veitir Anna María Halldórsdóttir**
**anna@primex.is Sími – 847 3237**



# Canon Blek

PRENTÞJÓNUSTA TUNNAN
PRENTUN ÚTGÁFA OG PAPPÍRSSALA

**TUNNAN**
S: 467-1288
albert@tunnan.is

# Auglýsing um skipulagsmál í Fjallabyggð

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 30. apríl 2024 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að íbúðarsvæði 320 ÍB í Ólafsfirði stækkar um 0,3 ha sunnan núverandi byggðar við Bylgjubyggð og ofan bakka Ólafsfjarðarvatns. Vegna stækkunar íbúðarsvæðis minnkar opið svæði 323 OP um 0,3 ha. Breytingin er til komin vegna áforma um að koma fyrir lóð fyrir raðhús sunnan núverandi raðhúsalóða við Bylgjubyggð 13-25 og 27-35. Með breytingu á aðalskipulagi er verið að bjóða upp á fjölbreyttari húsagerðir á svæðinu en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

Skipulagslýsingin er auglýst með umsagnarfresti frá 7. maí til og með 28. maí 2024. Umsagnir við skipulagslýsinguna skulu berast rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum hjá skipulagsfulltrúa á netfangið **iris@fjallabyggd.is** eða í síma 464-9100.

Skipulagslýsingin er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni: **skipulagsgatt.is/issues/2024/420**

**Íris Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi**



Loftmynd sem sýnir staðhætti, gul brotin lína sýnir það svæði sem breytingin nær til.

# Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

## Tillaga að deiliskipulagi Hrannar- og Bylgjubyggðar 2 í Ólafsfirði

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 30. apríl 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Hrannar- og Bylgjubyggðar 2 skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið afmarkast af deiliskipulagsmörkum þjóðvegarins í norður og austur. Í vestur eru mörkin dregin við deiliskipulagsmörk íbúðarbyggðar við Flæðar og við gangstétt Bylgjubyggðar í suður. Tilgangur deiliskipulagsins er að ná óbyggðum svæðum inn í skipulag og skilgreina nýjar lóðir með skilmálum fyrir nýbyggingar. Markmiðið er að halda í heildrænt yfirbragð byggðarinnar á svæðinu þannig að nýbyggingar verði hluti af núverandi heild.

Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni: **skipulagsgatt.is/issues/2024/401**

---

Tillaga að nýju deiliskipulagi liggur frammi á upplýsingatöflu á 3.hæð Ráðhúss Fjallabyggðar við Gránugötu 24 á Siglufirði og á nýjum vef Skipulagsstofnunar, **www.skipulagsgatt.is.**

Frestur til að skila inn athugasemdum er frá 8. maí til og með 27. júní 2024. Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgátt, bein slóð inn á málið er: **skipulagsgatt.is/issues/2024/401**



Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum hjá skipulagsfulltrúa í gegnum netfangið **iris@fjallabyggd.is**.

**Íris Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA. ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**


Opnir fundir á
Norðurlandi
hallatomasdottir.is
Halla 2024
TÓMASDÓTTIR
9. maí - Kl 15:00 - **Sauðárkrókur -** Árskóli
9. maí - Kl 20:00 - **Siglufjörður -** Bláa húsið
11. maí - Kl 15:00 - **Akureyri -** Mói Bistro, Hofi
12. maí - Kl 13:00 - **Húsavík -** Salur félags eldri borgara